



Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 4. mars 2016.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukin stuðning vegna tæknifrjógvanna, 20. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 19. febrúar sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um aukin stuðning vegna tæknifrjógvanna, 20. mál á 145. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra endurskoði reglur um greiðslubátttöku ríkisins vegna tæknifrjógvunarmeðferðar fyrir árslok 2015. Við endurskoðunina verði gætt að atriðum sem nánar eru tilgreind í tillögunni.

Í greinargerð með tillögunni er á það bent að ófrjósemi sé sjúkdómur sem sé vaxandi vandamál hér á landi og að afleiðingar ófrjósemi séu margvíslegar. Framsögumenn telja mikilvægt að auka stuðning sjúkratrygginga vegna tæknifrjógvunarmeðferða og benda á að Ísland sé nokkur eftirbátur nágrannalanda okkur og þeirra landa sem við almennt viljum bera okkur saman við.

Tillaga þessi var fyrst lögð fram á 144. löggjafarþingi og LÍ gaf umsögn um hana þá. LÍ áréttar fyrri umsögn sína þar sem sagði:

LÍ getur fallist á að stuðningur við þör sem eiga við ófrjósemi að stríða sé mikilvægur. Þegar fjármunir til heilbrigðisþjónustu eru takmarkaðir verður þó að forgangsraða ráðstöfun fjármuna. LÍ gerir ekki athugasemd við þá forgangsröðun sem endurspeglast í gildandi reglum og telur það ekki forgangsmál að breyta þeim, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

LÍ getur á hinn bóginn fallist á að skoða þurfi hvort breyta eigi reglum varðandi ferðakostnað í tengslum við tæknifrjógvunarmeðferð svo þörum sé ekki mismunad í þessum efnum eftir búsetu.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsgöðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.